

EIMSKIP KYNNIR AFKOMU FYRSTA ÁRSFJÓRÐUNGS 2015

- Rekstrartekjur voru 112,7 milljónir evra, jukust um 8,5 milljónir evra eða 8,1% frá Q1 2014
- EBITDA nam 5,8 milljónum evra samanborið við 6,0 milljónir evra í Q1 2014
- Hagnaður eftir skatta nam 1,5 milljónum evra, bati um 2,3 milljónir evra frá Q1 2014
- Flutningsmagn í áætlunarsiglingum á Norður-Atlantshafi dróst saman um 3,2% frá Q1 2014
- Flutningsmagn í frystiflutningsmiðlun jókst um 4,1% frá Q1 2014
- Eiginfjárhlutfall var 62,9% og nettóskuldir námu 30,3 milljónum evra í lok mars
- Áætluð EBITDA ársins 2015 er óbreytt, á bilinu 39 til 44 milljónir evra

Fjárhæðir í þúsundum evra

Rekstrarreikningur	Q1 2015	Q1 2014	Breyting	%	12M 2014
Rekstrartekjur	112.663	104.200	8.463	8,1%	451.555
Rekstrargjöld	106.879	98.182	8.697	8,9%	413.013
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir - EBITDA	5.784	6.018	(234)	(3,9%)	38.542
Afskriftir	(5.735)	(5.656)	(79)	(1,4%)	(23.195)
Rekstrarhagnaður - EBIT	49	362	(313)	(86,5%)	15.347
Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)	2.170	(856)	3.026	-	591
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага	92	(27)	119	-	229
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt	2.311	(521)	2.832	-	16.167
Tekjuskattur	(787)	(272)	(515)	(189,3%)	(2.560)
Hagnaður (tap) tímabilsins	1.524	(793)	2.317	-	13.607
Leiðrétt fyrir einskiptisliðum:					
Tekjubreyting	8,1%	(1,1%)			4,1%
EBITDA / rekstrartekjur	5,1%	5,8%			8,5%
EBIT / rekstrartekjur	0,0%	0,3%			3,4%
Nettóskuldir / LTM EBITDA	0,79	0,85			0,65
Efnahagsreikningur	31.03.2015	31.03.2014	Breyting	%	31.12.2014
Eignir	341.538	314.772	26.766	8,5%	332.040
Fastafjármunir	221.322	213.683	7.639	3,6%	214.278
Veltufjármunir	120.216	101.089	19.127	18,9%	117.762
Eigið fé	214.879	202.124	12.755	6,3%	216.472
Skuldir	126.659	112.648	14.011	12,4%	115.568
Vaxtaberandi skuldir	64.703	57.990	6.713	11,6%	64.432
Nettóskuldir	30.277	30.503	(226)	(0,7%)	24.893
Efnislegar eignir / heildareignir	93,3%	93,6%			94,2%
Eiginfjárhlutfall	62,9%	64,2%			65,2%
Sjóðstreymi	Q1 2015	Q1 2014	Breyting	%	12M 2014
Handbært fé frá rekstri	3.083	5.697	(2.614)	(45,9%)	31.603
Fjárfestingarhreyfingar	(8.495)	(2.824)	(5.671)	(200,8%)	(18.311)
Fjármögnunarhreyfingar	(1.367)	(1.844)	477	25,9%	(572)
Breyting á handbæru fé	(6.779)	1.029	(7.808)	-	12.720
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	1.666	88	1.578	-	449
Handbært fé í lok tímabils	34.426	27.487	6.939	25,2%	39.539

GYLFI SIGFÚSSON FORSTJÓRI

„Hagnaður Eimskips eftir skatta á fyrsta ársfjórðungi 2015 er umfram væntingar, einkum vegna jákvæðs gengismunar. Rekstrartekjur jukust um 8,1% frá fyrsta ársfjórðungi 2014. EBITDA nam 5,8 milljónum evra, sem er svipað og í fyrra eða 0,2 milljóna evra lægri fjárhæð en á fyrsta ársfjórðungi síðasta árs. Hagnaður eftir skatta nam 1,5 milljónum evra samanborið við 0,8 milljóna evra tap á fyrsta ársfjórðungi í fyrra, en það er jákvæður viðsnúningur um 2,3 milljónir evra. Fyrsti ársfjórðungur er sá ársfjórðungur hjá félaginu sem að jafnaði skilar lægstri rekstrarafkomu.

Helstu gjaldmiðlarnir í rekstri félagsins eru evra, Bandaríkjadollar, íslensk króna og norsk króna. Gengissveiflur, þar sem Bandaríkjadollar, íslensk króna og norsk króna styrktust gagnvart evru, leiddu til gengishagnaðar að fjárhæð 2,9 milljónir evra samanborið við gengistap að fjárhæð 0,2 milljónir evra á fyrsta ársfjórðungi 2014.

Flutningsmagn í áætlunarsiglingum félagsins á Norður-Atlantshafi dróst saman um 3,2% frá fyrsta ársfjórðungi síðasta árs vegna samdráttar í magni frá Noregi, en þar í landi höfðu slæm veðurskilyrði mikil áhrif á sjávarútveginn. Landanir á þorski í Noregi drógust saman um 23% frá sama tímabili í fyrra, en magnið hefur þróast með eðlilegum hætti á síðustu vikum sem eykur magn bæði í línukerfum félagsins og flutningsmiðlun. Vöxtur var í magni til og frá Íslandi og Færeyjum. Flutt magn í frystiflutningsmiðlun jókst um 4,1% frá fyrsta ársfjórðungi síðasta árs. Samdráttur í flutningum frá Noregi vegna dræmra veiða hafði áhrif á magnið auk þess sem almennt hefur dregið úr flutningi á fiski frá Evrópu til Asíu. Markaðir í Asíu hafa samt sem áður haldið áfram að vaxa.

Slæm veðurskilyrði höfðu áhrif á reksturinn á fyrsta ársfjórðungi. Skip félagsins áttu erfitt með að halda áætlun vegna þessa og kostnaður jókst vegna yfirvinnu og aukinnar olíunotkunar. Að auki lentu frystiskip félagsins í Noregi í óvæntum bilunum á tímabilinu. Innanlandsstarfsemin á Íslandi varð einnig fyrir áhrifum af slæmu veðri, einkum landflutningarnir og hafnarstarfsemin.

Flutningsmagn í áætlunarsiglingum félagsins hefur vaxið umfram væntingar það sem af er öðrum ársfjórðungi og vöxturinn fyrstu sex vikur fjórðungsins nemur 4,5% frá sama tímabili 2014, einkum þar sem flutningar í Noregi hafa náð sér aftur á strik og einnig vegna áframhaldandi vaxtar í flutningum til og frá Íslandi. Í apríl og byrjun maí þurfti tímabundið að bæta við skipi til að auka flutningsgetuna og þrisvar þurfti að senda gráu leiðina, sem siglir á milli Færeyja og Skotlands, til meginlands Evrópu til að auka við flutningsgetu félagsins vegna yfirbókana frá Evrópu. Aukning magns í frystiflutningsmiðlun í apríl nemur 11,0% frá sama mánuði í fyrra.

Í apríl voru gerðar frekari breytingar á bláu og gulu leiðinni, en þær munu héðan í frá skiptast á að hafa viðkomu í Hamborg og aðra hverja viku mun gula leiðin koma við í nýrri höfn, Vlissingen í Hollandi, vegna þjónustu við áliðnaðinn á Íslandi. Vegna aukins bílainnflutnings mun gráa leiðin áfram hjálpa til við að taka við auknu flutningsmagni frá Evrópu þar til jafnvægi næst aftur.

Fyrirtækin sem Eimskip fjárfesti í á fyrsta ársfjórðungi munu skila sér að fullu inn í rekstur félagsins fyrir lok annars ársfjórðungs. Útlit er fyrir jákvæða þróun flutningsmagns bæði í áætlunarsiglingum Eimskips og í flutningsmiðlun.

Félagið, eins og önnur fyrirtæki á Íslandi, stendur frammi fyrir óvissu á vinnumarkaði er varðar neikvæð áhrif mögulegra verkfalla á komandi vikum á rekstur félagsins. Til viðbótar við innflutningsbann Rússlands á Noreg og Nýfundnaland þarf félagið nú einnig að glíma við óvissu varðandi nýjar reglur í Kína er snúa að sérstöku eftirliti með innfluttum afurðum frá Noregi, en það getur leitt til tafa sem komið geta útflytjendum í Noregi í vanda.

Eimskip og Íslandsbanki undirrituðu í apríl 10 milljóna evra langtíma lánasamning vegna byggingar á 10 þúsund tonna frystigeymslu Eimskips í Hafnarfirði. Auk þess var undirrituð lánalína að fjárhæð 12 milljónir evra til að styðja við frekari fjárfestingar félagsins. Eimskip hefur einnig gengið frá samningum um bætt vaxtakjör við lánastofnanir á Íslandi á lánum sem nema alls 45 milljónum evra.

Eimskip metur enn stöðu sína varðandi smíði á Bakkafossi sem ekki hefur gengið samkvæmt áætlun. Eins og áður hefur komið fram var afhending áætluð á fjórða ársfjórðungi þessa árs, en gert er ráð fyrir frekari töfum og er ákvörðunar varðandi skipið að vænta fyrir lok ágústmánaðar.

Eimskip festi í byrjun maí kaup á öllu hlutafé í fyrirtækinu Sæferðum ehf. í Stykkishólmi. Fyrirtækið sinnir sjótengdri ferðapjónustu á Breiðafirði og rekur ferjuna Baldur og skipið Særúnu. Beðið er eftir samþykki Samkeppniseftirlitsins svo kaupin geti gengið í gegn.

Stjórn og stjórnendur Eimskips halda áfram að meta möguleg fjárfestingartækifæri til vaxtar í samræmi við framtíðarsýn félagsins. Eins og fram kom í ræðu stjórnarformanns á aðalfundi félagsins í mars stefnir Eimskip áfram að tvíhliða skráningu á hlutabréfum félagsins og hefur Seðlabanki Íslands veitt sitt samþykki. Frekari skref í átt að tvíhliða skráningu tengjast þeim fjárfestingarverkefnum sem unnið er að, markaðsaðstæðum, stöðu fjármagnshafta á Íslandi og stöðu rannsóknar Samkeppniseftirlitsins á málefnum félagsins.

Afkomuspá okkar fyrir árið 2015 er óbreytt, eða EBITDA á bilinu 39 til 44 milljónir evra.“

REKSTUR FYRSTA ÁRSFJÓRÐUNGS

Rekstrartekjur Eimskips námu 112,7 milljónum evra á fyrsta ársfjórðungi 2015 samanborið við 104,2 milljónir evra á sama tíma í fyrra. Tekjur af áætlunarsiglingum félagsins námu 78,6 milljónum evra samanborið við 76,8 milljónir evra á fyrsta ársfjórðungi í fyrra og jukust um 2,4% á milli ára. Magn í áætlunarsiglingum dróst saman um 3,2% frá sama tímabili í fyrra, einkum vegna samdráttar í flutningum frá Noregi þar sem slæmt veður hafði áhrif á sjávarútveginn þar, á meðan magn jókst til og frá Íslandi og frá Færeyjum. Tekjur af flutningsmiðlun námu 34,1 milljón evra á fjórðungnum samanborið við 27,4 milljónir á sama tímabili 2014, en það samsvarar 24,2% vexti. Flutt magn í frystiflutningsmiðlun jókst um 4,1% frá fyrsta ársfjórðungi 2014. Aukningu í tekjum umfram flutt magn má að miklu leyti skýra með gengissveiflum, en evra veiktist töluvert á milli ára gagnvart helstu viðskiptamyntum félagsins.

EBITDA nam 5,8 milljónum evra á fyrsta ársfjórðungi samanborið við 6,0 milljónir evra á sama tímabili í fyrra. EBITDA hlutfall fjórðungsins nam 5,1% samanborið við 5,8% á sama fjórðungi fyrra árs. Lækkun EBITDA á milli ára má að mestu skýra með minna flutningsmagn í áætlunarkerfum félagsins í Noregi vegna óhagstæðra veðurskilyrða og dræmra veiða. Á móti kemur að reksturinn á Íslandi skilaði mun betri afkomu vegna aukins flutningsmagns. EBITDA af áætlunarsiglingum félagsins nam 4,6 milljónum evra samanborið við 4,7 milljónir evra á fyrsta ársfjórðungi 2014. EBITDA af flutningsmiðlunarstarfsemi nam 1,2 milljónum evra samanborið við 1,3 milljónir evra á sama tímabili í fyrra.

Afskriftir námu 5,7 milljónum evra og jukust um 1,4% frá fyrsta ársfjórðungi 2014. Hækkunin stafar aðallega af Lagarfossi sem kom í rekstur á þriðja ársfjórðungi 2014.

Rekstrarhagnaður ársins, EBIT, nam 49 þúsundum evra samanborið við 0,4 milljónir evra á sama tímabili í fyrra.

Nettó fjármunatekjur námu 2,2 milljónum evra samanborið við 0,9 milljóna evra nettó fjármagnsgjöld á fyrsta ársfjórðungi 2014. Breytingin á milli ára skýrist einkum af 2,9 milljóna evra gengishagnaði í ár samanborið við 0,2 milljóna evra gengistap á sama tímabili í fyrra. Hlutdeild í hagnaði hlutdeildarféлага nam 0,1 milljón evra á árinu samanborið við smávægilegt tap á fyrsta ársfjórðungi fyrra árs.

Hagnaður fyrir tekjuskatt nam 2,3 milljónum evra samanborið 0,5 milljóna evra tap fyrir tekjuskatt á fyrsta ársfjórðungi 2014 sem er viðsnúningur um 2,8 milljónir evra á milli ára.


Gjaldfærðir skattar tímabilsins námu 0,8 milljónum evra samanborið við 0,3 milljónir evra á sama tímabili í fyrra.

Hagnaður fyrsta ársfjórðungs eftir skatta nam 1,5 milljónum evra samanborið við 0,8 milljóna evra tap á sama tímabili í fyrra og batnaði afkoman um 2,3 milljónir evra.

Rekstur félagsins hefur verið stöðugur undanfarin ár eins og sjá má á eftirfarandi myndum, en þær sýna hvernig rekstrartekjur og rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, EBITDA, skiptast á ársfjórðunga á árunum 2011 til 2015.

Á myndunum hafa rekstrartekjur og EBITDA verið leiðrétt fyrir einskisliðum á árunum 2011 og 2012. Rekstrartekjur og EBITDA á fyrsta ársfjórðungi 2011 hafa verið lækkaðar um 6,4 milljónir evra vegna innheimtu á áður afskrifaðri kröfu. EBITDA hefur hins vegar verið hækkuð um 0,7 milljónir evra á öðrum ársfjórðungi 2011 vegna strands Goðafoss og um 0,7 milljónir evra á þriðja ársfjórðungi 2012 vegna kostnaðar við skráningu félagsins. Að lokum var EBITDA á fjórða ársfjórðungi 2012 hækkuð um alls 3,9 milljónir evra, þar af um 1,0 milljón evra vegna skráningar félagsins og um 2,9 milljónir evra vegna kostnaðar við kauprétti sem fallið var frá.

Í milljónum evra



Miklar breytingar voru gerðar á siglingakerfi félagsins í mars 2013 sem juku afkastagetu þess og í febrúar 2014 var ráðist í aðlögun á kerfinu, meðal annars vegna þess að slæm veðurskilyrði til siglinga settu áætlunarkerfið úr skorðum. Bætt var við nýrri siglingaleið, gráu leiðinni, á milli Færeyja og Skotlands til að auka sveigjanleika kerfisins og áreiðanleika þjónustunnar við viðskiptavinum. Í febrúar 2015 voru græna leiðin, sem siglir á milli Íslands og Norður-Ameríku með viðkomu í Sortland í Noregi, og rauða leiðin, sem annaðist strandsiglingar við Ísland með tengingu við Evrópu, sameinaðar í nýja græna leið með þremur skipum sem sigla beint á milli Evrópu og Norður-Ameríku með viðkomum á Íslandi. Breytingin mun auka áreiðanleika og þjónustu við viðskiptavinum og fjölgar ferðum á milli Evrópu og Norður-Ameríku um fimm á ársgrundvelli.

Félagið er með 16 skip í rekstri, þar af tólf eigin skip og fjögur leiguskip. Tólf skipanna eru í áætlunarsiglingum, tvö eru í "spot" þjónustu, eitt er í stórflutningum og eitt er í ferjusiglingum.

EFNAHAGUR

- Heildareignir námu 341,5 milljónum evra í lok mars 2015
- Eiginfjárlutfall var 62,9%
- Vaxtaberandi skuldir námu 64,7 milljónum evra
- Nettóskuldir námu 30,3 milljónum evra

Heildareignir Eimskips námu 341,5 milljónum evra þann 31. mars 2015. Til samanburðar námu heildareignir 314,8 milljónum evra í lok mars 2014 og 332,0 milljónum evra í árslok 2014.

Fastafjármunir námu 221,3 milljónum evra í lok mars samanborið við 213,7 milljónir evra í lok mars í fyrra og 214,3 milljónir evra í árslok 2014. Nettó fjárfestingar í rekstrarfjármunum námu 7,0 milljónum evra samanborið við 3,2 milljónir evra á fyrsta ársfjórðungi 2014.

Veltufjármunir félagsins námu 120,2 milljónum evra í lok fyrsta ársfjórðungs samanborið við 101,1 milljón evra í lok mars 2014 og 117,8 milljónir evra í árslok 2014. Viðskiptakröfur og aðrar kröfur hækkuðu frá árslokum 2014 vegna aukinna tekna og gengismunar. Handbært fé nam 34,4 milljónum evra í lok mars samanborið við 27,5 milljónir evra í lok fyrsta ársfjórðungs 2014 og 39,5 milljónir evra í lok árs 2014.

Eigið fé nam 214,9 milljónum evra í lok mars og var eiginfjárlutfallið 62,9%. Eigið fé nam 202,1 milljón evra í lok fyrsta ársfjórðungs 2014 og var eiginfjárlutfallið 64,2%. Í árslok 2014 nam eigið fé 216,5 milljónum evra og eiginfjárlutfallið var 65,2%. Aðalfundur í lok mars 2015 samþykkti að greiddur yrði arður í apríl að fjárhæð 933,2 milljónir króna, eða 6,3 milljónir evra. Arðgreiðslan lækkaði eigið fé og hækkaði skammtímaskuldir í lok fyrsta ársfjórðungs.

Skammtímaskuldir námu 83,9 milljónum evra í lok mars samanborið við 69,5 milljónir evra í lok mars 2014 og 65,7 milljónir evra í lok árs 2014. Hækkunin á árinu skýrist að mestu af ógreiddum arði til greiðslu í apríl að fjárhæð 6,3 milljónir evra og 7,6 milljóna evra brúarláni vegna nýbyggingar skipa sem er til greiðslu á fyrsta ársfjórðungi 2016.

Vaxtaberandi skuldir námu 64,7 milljónum evra í lok fjórðungsins samanborið við 64,4 milljónir evra í árslok 2014.

Nettóskuldir námu 30,3 milljónum evra í lok mars samanborið við 30,5 milljónir evra í lok mars 2014 og 24,9 milljónir evra í árslok 2014.

SJÓÐSTREYMI OG FJÁRFESTINGAR

- **Handbært fé frá rekstri nam 3,1 milljón evra á fyrsta ársfjórðungi 2015**
- **Nettó fjárfestingarhreyfingar námu 8,5 milljónum evra**
- **Handbært fé var 34,4 milljónir evra í lok mars**

Handbært fé frá rekstri nam 3,1 milljón evra á fyrsta ársfjórðungi 2015 samanborið við 5,7 milljónir evra á fyrsta ársfjórðungi í fyrra.

Nettó fjárfestingarhreyfingar námu 8,5 milljónum evra samanborið við 2,8 milljónir evra á sama tímabili 2014. Þar af námu fjárfestingarhreyfingar tengdar kaupum á nýjum fyrirtækjum 4,1 milljón evra. Heildarfjárfestingar í rekstrarfjármunum námu 8,0 milljónum evra, en þar af voru fjárfestingar fyrir 0,6 milljónir evra sem ekki höfðu áhrif á sjóðstreymi. Til samanburðar námu heildarfjárfestingar 3,3 milljónum evra á fyrsta ársfjórðungi 2014, þar af fjárfestingar að fjárhæð 0,3 milljónir evra sem ekki höfðu áhrif á sjóðstreymi.

Nettó útstreymi fjármagns vegna fjármögnunarhreyfinga nam 1,4 milljónum evra samanborið við 1,8 milljónir evra á fyrsta ársfjórðungi í fyrra.

Sjóðsflæði var neikvætt um 6,8 milljónir evra á fjórðungnum samanborið við neikvætt sjóðsflæði að fjárhæð 1,0 milljón evra á fyrsta ársfjórðungi 2014. Handbært fé í lok mars nam 34,4 milljónum evra samanborið við 27,5 milljóna evra handbært fé í lok mars 2014 og 39,5 milljónir evra í árslok 2014.

ÁÆTLUÐ AFKOMA ÁRSINS 2015

Afkomuspá félagsins fyrir árið 2015 er óbreytt, en gert er ráð fyrir að EBITDA verði á bilinu 39 til 44 milljónir evra.

Félagið gerir ráð fyrir áframhaldandi vexti í flutningum til og frá Íslandi og er þar með gert ráð fyrir góðri makrílvertíð í sumar. Áfram er gert ráð fyrir vexti í inn- og útflutningi í Færeyjum. Þrátt fyrir erfiða byrjun í Noregi eru flutningar þar að aukast og er gert ráð fyrir að svo verði áfram, en nokkur óvissa er um flutninga frá Noregi til Kína. Einnig er gert ráð fyrir vexti í flutningum á milli Norður-Ameríku og Evrópu. Gert er ráð fyrir áframhaldandi vexti í flutningsmiðlun út árið. Afkomuspáin tekur tillit til aukningar

afkomu vegna fjárfestingar í nýjum fyrirtækjum sem félagið hefur nú þegar tilkynnt um. Til viðbótar við almenna óvissu varðandi flutningsmagn, verð á flutningum, olíukostnað og samkeppni ríkir óvissa um möguleg verkföll á komandi vikum og niðurstöður almennra kjarasamninga á vinnumarkaði hér á landi.

LYKILSTÆRÐIR ÁRSFJÓRÐUNGA

Fjárhæðir í þúsundum evra

Rekstrarreikningur	Q1 2015	Q4 2014	Q3 2014	Q2 2014	Q1 2014
Rekstrartekjur	112.663	118.794	119.583	108.978	104.200
Rekstrargjöld	106.879	109.953	106.949	97.929	98.182
EBITDA	5.784	8.841	12.634	11.049	6.018
EBIT	49	2.789	7.050	5.146	362
Hagnaður (tap) tímabilsins	1.524	2.290	7.517	4.593	(793)
EBITDA / rekstrartekjur	5,1%	7,4%	10,6%	10,1%	5,8%
EBIT / rekstrartekjur	0,0%	2,3%	5,9%	4,7%	0,3%
Efnahagsreikningur	31.03.2015	31.12.2014	30.09.2014	30.06.2014	31.03.2014
Eignir	341.538	332.040	336.749	315.897	314.772
Eigið fé	214.879	216.472	215.659	206.588	202.124
Skuldir	126.659	115.568	121.090	109.309	112.648
Vaxtaberandi skuldir	64.703	64.432	66.448	56.841	57.990
Nettóskuldir	30.277	24.893	32.275	32.023	30.503
Eiginfjárhlutfall	62,9%	65,2%	64,0%	65,4%	64,2%
Sjóðstreymi	Q1 2015	Q4 2014	Q3 2014	Q2 2014	Q1 2014
Handbært frá rekstri	3.083	12.713	4.968	8.225	5.697
Fjárfestingarhreyfingar	(8.495)	(4.382)	(5.153)	(5.952)	(2.824)
Fjármögnunarhreyfingar	(1.367)	(2.108)	8.483	(5.103)	(1.844)
Handbært fé í lok tímabils	34.426	39.539	34.173	24.818	27.487

HLUTHAFAR

▪ Markaðsvirði félagsins var 42,5 milljarðar króna þann 20. maí 2015

Viðskipti með bréf Eimskips hófust á Nasdaq Iceland þann 16. nóvember 2012. Útboðsgengi var 208,00 kr. á hlut og var lokaverð í árslok 2012 230,00 kr. á hlut. Á árinu 2013 fór lokaverð hæst í 281,00 kr. á hlut og lægst í 221,00 kr. á hlut og var meðaltalslokaverð ársins 255,05 kr. á hlut. Lokaverð á hlut í árslok 2013 var 262,00 kr.

Á árinu 2014 var lokaverðið á bilinu 218,50 kr. til 268,50 kr. á hlut með meðaltalslokaverði ársins 234,69 kr. á hlut og lokaverði ársins 237,00 kr. á hlut. Lokaverð þann 20. maí 2015 var 227,50 kr. og var markaðsvirði félagsins því 42,5 milljarðar króna þann dag sem jafngildir 286,8 milljónum evra.

Fjöldi útgefna hluta er 200.000.000 og er fjöldi útstandandi hluta 186.639.230. Fjöldi hluthafa í árslok 2014 var 1.101 og voru þeir 1.051 þann 20. maí 2015. Félagið á 13.360.770 eigin hluti.

RANNSÓKN SAMKEPPNISEFTIRLITSINS

Félagið svaraði í mars, innan gefinna tímamarka, upplýsingabeiðninni sem því barst í janúar frá Samkeppniseftirlitinu.

Þann 30. mars sl. bárust félaginu gögn frá Samkeppniseftirlitinu, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála frá 22. desember sl. Þar sem nær allar afhentar blaðsíður höfðu verið svartar og gerðar ólæsilegar varpa þær ekki frekara ljósi á grundvöll rannsóknarinnar. Því hefur félagið kært til áfrýjunarnefndar samkeppnismála þessa ákvörðun Samkeppniseftirlitsins að afhenda ekki umbeðnar upplýsingar.

Félagið lagði í febrúar fram formlega kvörtun til Umboðsmanns Alþingis er lýtur að málsmeðferð stjórnáslumálsins sem Samkeppniseftirlitið hefur haft til rannsóknar á sjötta ár og fjórum sinnum hefur komið til kasta áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Umboðsmaður hefur tekið kvörtunina til meðferðar og ákveðið að afla nánari upplýsinga hjá Samkeppniseftirlitinu um hvort málsmeðferð og starfshættir eftirlitsins í tengslum við upplýsingabeiðnir félagsins samræmist ákvæðum stjórnáslulaga og vönduðum stjórnásluháttum vegna þess dráttar sem varð á afstöðu eftirlitsins vegna beiðna félagsins í kjölfar úrskurða áfrýjunarnefndar samkeppnismála.

UM EIMSKIP

Eimskip rekur 55 starfsstöðvar í 19 löndum og er með 16 skip í rekstri. Félagið hefur á að skipa um 1.540 starfsmönnum. Um helmingur tekna félagsins kemur frá starfsemi utan Íslands. Stefna félagsins er að veita framúrskarandi flutningaþjónustu á Norður-Atlantshafi ásamt því að bjóða víðtæka og öfluga þjónustu í alþjóðlegri frystiflutningsmiðlun.

KYNNINGARFUNDUR 22. MAÍ 2015

Kynningarfundur fyrir fjárfesta og markaðsaðila verður haldinn föstudaginn 22. maí 2015 í höfuðstöðvum félagsins að Korngörðum 2 í Reykjavík og hefst hann kl. 8:30. Gylfi Sigfússon forstjóri og Hilmar Pétur Valgarðsson, framkvæmdastjóri fjármála- og stjórnunarsviðs, munu kynna uppgjör félagsins fyrir fyrsta ársfjórðung 2015. Hægt verður að nálgast kynningarefni fundarins að honum loknum á fjárfestasíðu félagsins, www.eimskip.is/investors, og í fréttakerfi Nasdaq Nordic.

SAMÞYKKI STJÓRNAR

Stjórn Eimskipafélags Íslands hf. samþykkti árshlutareikning samstæðu Eimskips fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2015 á stjórnarfundum þann 21. maí 2015.

FJÁRHAGSDAGATAL

- Uppgjör annars ársfjórðungs 2015 verður birt 27. ágúst 2015
- Uppgjör þriðja ársfjórðungs 2015 verður birt 19. nóvember 2015
- Uppgjör fjórða ársfjórðungs 2015 verður birt 25. febrúar 2016
- Aðalfundur 2016 verður haldinn 17. mars 2016

FREKARI UPPLÝSINGAR

- Gylfi Sigfússon forstjóri, sími: 525 7202

- Hilmar Pétur Valgarðsson, framkvæmdastjóri fjármála- og stjórnunarsviðs, sími: 525 7202
- Erna Eiríksdóttir, forstöðumaður fjárfestatengsla, sími: 825 7220, netfang: investors@eimskip.is

TIL ATHUGUNAR FYRIR FJÁRFESTA

Eimskip vekur athygli á því að staðhæfingar sem finna má í þessari fréttatilkynningu kunna að vera byggðar á mati og áætlunum stjórnenda félagsins en ekki á staðreyndum sem hægt er að sannreyna við birtingu tilkynningarinnar. Eðli málsins samkvæmt fela slíkar staðhæfingar í sér óvissu. Athygli fjárfesta er vakin á því að margir þættir geta haft þau áhrif að rekstrarumhverfi félagsins og afkoma verði með öðrum hætti en forsendur gera ráð fyrir í tilkynningunni. Þessi tilkynning verður ekki endurskoðuð eftir birtingu hvað þetta varðar. Staðhæfingar sem finna má í þessari fréttatilkynningu gilda eingöngu á því tímamarki þegar fréttatilkynningin er fyrst birt og takmarkast gildi þeirra við það sem segir í fyrirvara þessum.